

2008 nr. 91 12. júní**Lög um grunnskóla**

Tóku gildi 1. júlí 2008. *Breytt með* l. 34/2009 (tóku gildi 8. apríl 2009), l. 35/2009 (tóku gildi 8. apríl 2009), l. 38/2009 (tóku gildi 8. apríl 2009), l. 91/2011 (tóku gildi 1. júlí 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 180/2011 (tóku gildi 30. des. 2011), l. 56/2014 (tóku gildi 4. júní 2014), l. 72/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015), l. 91/2015 (tóku gildi 5. ágúst 2015 nema 1. og 4.–7. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2015), l. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015), l. 76/2016 (tóku gildi 29. júní 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 11. gr.), l. 78/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016) og l. 90/2018 (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn*: XI. viðauki reglugerð 2016/679).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið, hlutverk grunnskóla og skólaskylda.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla . . . ¹⁾ og til viðurkennds náms á grunnskólastigi. Skólar sem bjóða nám á grunnskólastigi nefnast grunnskólar.

¹⁾ L. 76/2016, 1. gr.

■ 2. gr. Markmið.

□ Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sffelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

□ Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, hógum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólafarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

□ Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólafarfið, almenna velferð og öryggi nemenda.

■ 3. gr. Skólaskylda.

□ Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

□ Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

II. kafli. Stjórnskipan grunnskóla.**■ 4. gr. Yfirstjórn.**

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, setur grunnskólum aðalnámskrá, leggur grunnskólum til námsgögn, hefur eftirlit með gæðum skólafarfs, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga, styður þróunarstarf í skólum og hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem lög þessi kveða á um. [Ráðuneyti]¹⁾ hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Ráðherra skal á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skóla-

starfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólafarfið skv. 37. gr.

¹⁾ L. 91/2011, 1. gr.

■ 5. gr. Sveitarfélög.

□ Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólafarfs í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúræðum grunnskóla, [skólalþjónustu],¹⁾ mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólafarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólafarfið í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

□ Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans.

□ Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturfelldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum. [Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd kanna aðstæður í samráði við skólafarfið á viðkomandi stað og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins.]²⁾

□ Liggja ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur [ráðuneytið]³⁾ lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

□ Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

□ [Ráðherra setur reglugerð⁴⁾ um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofu og önnur stjórnvöld þar sem m.a. skal kveðið á um skólafarfið fósturbarna, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni og samstarf aðila. Úrskurðarnefnd skipuð fulltrúum frá ráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu sker úr um ágreiningsmál.]²⁾

¹⁾ L. 76/2016, 1. gr. ²⁾ L. 91/2011, 2. gr. ³⁾ L. 126/2011, 492. gr. ⁴⁾ Rg. 547/2012, sbr. 976/2018.

■ 6. gr. Skólanefnd.

□ Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

□ Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,

b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólánámskrá einstakra skóla,

c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólánámskrár og gera tillögur til skólafarfs og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólafarfi,

d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að [skólalþjónustu],¹⁾

e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,

f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða sé uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,

g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

□ Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfs-hætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

□ Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

□ ...²⁾

¹⁾ L. 76/2016, 1. gr. ²⁾ L. 76/2016, 2. gr.

■ 7. gr. Skólastjóri.

□ Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

□ Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

□ Hafi grunnskóli færri en 60 nemendur, og ef ekki er annar stjórnandi, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í förföllum hans.

■ 8. gr. Skólaráð.

□ Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsveitvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

□ [Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast undanþágur samkvæmt þessari grein. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verður sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svö sem fámenni eða sérstaða.]¹⁾

□ Ráðherra setur reglugerð²⁾ um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

¹⁾ L. 91/2015, 10. gr. ²⁾ Rg. 1157/2008.

■ 9. gr. Foreldrafélag.

□ Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

□ Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

■ 10. gr. Nemendafélag.

□ Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

□ Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

III. kafli. Starfsfólk grunnskóla.

■ 11. gr. Ráðning.

□ Um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

□ [Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.]¹⁾

□ Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir saka-vottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr saka-skrá.

¹⁾ L. 35/2009, 9. gr.

■ 12. gr. Starfsfólk.

□ Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

□ Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

□ Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

□ Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

IV. kafli. Nemendur.

■ 13. gr. Réttur nemenda.

□ Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku

sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnu-álag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólstarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

□ Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

□ [Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.]¹⁾

¹⁾ L. 35/2009, 9. gr.

■ **14. gr. Ábyrgð nemenda.**

□ Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.

□ Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

□ Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólustjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

□ Meðan mál skv. 3. mgr. er óútkljáð getur skólustjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnisýslulaga. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.

□ Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæránleg eftir fyrir mælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

□ Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 1040/2011, sbr. 975/2018.

■ **15. gr. Skólaskylda.**

□ Nemendum er skylt að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. Skóla-skyldu er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt rekrum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt lögum þessum.

□ Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólustjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn [skólalöngunust].¹⁾

□ Skólustjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Enn fremur er skólustjóra heimilt að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms.

□ Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólustjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að

nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

□ Um ákvörðun um veitingu undanþágu eða synjun hennar, sbr. 3. og 4. mgr., gilda ákvæði stjórnisýslulaga. Slík ákvörðun er kæránleg eftir fyrir mælum 47. gr. Í úrskurði getur ráðherra mælt fyrir um að undanþága verði veitt í heild eða að hluta, jafnvel þó að af hálfu sveitarfélags hafi ekki verið fallist á slíka beiðni.

□ Setja skal viðmiðanir um undanþágur samkvæmt þessari grein í aðalnámskrá grunnskóla.

¹⁾ L. 76/2016, 1. gr.

■ **16. gr. Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.**

□ Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

□ Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólstarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til tulkapjónustu.

□ Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námsgreinum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

□ Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

■ **17. gr. Nemendur með sérþarfir.**

□ Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

□ Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni [fatlaðs fólks],¹⁾ nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

□ Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

□ Telji foreldrar barns, skólustjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

□ Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnisýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og með heildarhagsmunum barnsins að leiðarljósi. Ákvörðun er kæránleg samkvæmt fyrir mælum 47. gr.

□ Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið

kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þess-
arar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

¹⁾ L. 115/2015, 25. gr. ²⁾ Rg. 585/2010, sbr. 148/2015 og 974/2018. Rg. 173/2017, sbr. 315/2018 og 990/2018.

V. kaffi. Foreldrar.

■ 18. gr. Foreldrar og meðferð upplýsinga.

□ Foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna á skóla-
skyldualdri. Foreldrar eiga rétt á að velja grunnskóla innan
sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum sveitarfélags-
ins. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á upplýsingum um skóla-
starfið og skólagöngu barna sinna.

□ Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um
barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð
barnsins. Um persónuupplýsingar sem þannig er aflað eða
fylgt hafa barni úr leikskóla er krafist fullrar þagnarskyldu
og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónu-
vernd og [vinnslu]¹⁾ persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð
grein fyrir þessum upplýsingum. Meðferð upplýsinga skal
vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum
sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra
setur reglugerð²⁾ um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga
og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.
[Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýs-
inga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt
fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.]³⁾

□ Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu
barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og
námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í
skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að
taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.

□ Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota tákn-
mál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum
sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla
samkvæmt þessari grein.

¹⁾ L. 90/2018, 54. gr. ²⁾ Rg. 897/2009, sbr. 657/2011. ³⁾ L. 38/2009, 2. gr.

■ 19. gr. Ábyrgð foreldra.

□ Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að
fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og
kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að
það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og
sæki skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns,
án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal
skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafn-
framt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið.
Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnarsýslulaga við með-
ferð málsins. Ákvörðun er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr.
□ Í úrskurði getur [ráðuneyti]¹⁾ lagt fyrir sveitarfélag að
 tryggja nemanda tiltekin kennsluúrræði, þ.m.t. að veita hon-
um aðgang að tilteknum skóla innan sveitarfélagsins.

¹⁾ L. 91/2011, 1. gr.

VI. kaffi. Skólahúsnæði og aðstaða í grunnskólum.

■ 20. gr. [Skólahúsnæði.]¹⁾

□ Gerð skólmannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í sam-
ráði við skólanefnd og skólaráð. Stofnkostnaður grunnskóla
á vegum sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélagi.
Sveitarfélög annast einnig og kosta viðhald skólahúsnæðis
og endurnýjun og viðhald búnaðar þess. Gert skal sérstaklega
ráð fyrir rými fyrir [skólaþjónustu]²⁾ við börn með sérþarfir
og vinnuáðstöðu starfsfólks.

□ [Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða
tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks

safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og
kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars
safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðal-
námskrár grunnskóla.]¹⁾

□ Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær
kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnu-
vernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbún-
aður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nem-
enda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað,
hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

□ Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnæðis
skulu sveitarfélög hafa samráð við hagsmunaaðila skóla-
samfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi.

□ Ráðherra setur reglugerð³⁾ um húsnæði og búnað grunn-
skóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem
nánar skal kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og örygg-
ismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

¹⁾ L. 91/2011, 4. gr. ²⁾ L. 76/2016, 1. gr. ³⁾ Rg. 657/2009, sbr. 599/2014 og 972/2018.

■ 21. gr. Umsjón skólmannvirkja.

□ Skólastjóri skal sjá um daglega umsjón skólmannvirkja
samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

□ Sveitarstjórn getur í samráði við skólastjóra ráðstafað
skólahúsnæði öllu eða hluta þess til annarrar starfsemi svo
fremi sem það raskar ekki lögbundinni notkun húsnæðisins.

■ 22. gr. Skólaakstur.

□ Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem
hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur
nánari reglur¹⁾ um tilhögun skólaaksturs í samráði við Sam-
band íslenskra sveitarfélaga. Skólaakstur skal vera nemend-
um að kostnaðarlausu.

¹⁾ Rgl. 656/2009, sbr. 882/2009, sbr. 605/2012.

■ 23. gr. Skólamálsverðir.

□ Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á
skólatíma í samræmi við opinber máneldismarkmið. Sveit-
arfélagum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir sam-
kvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja.

□ Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærán-
legar eftir fyrirmælum 47. gr.

VII. kaffi. Inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstími.

■ 24. gr. Aðalnámskrá.

□ Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá¹⁾ sem er endur-
skoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldis-
hlutverk grunnskólans og megin stefnu í kennslu og kennslu-
skipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í að-
alnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund
nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,

b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og
ábyrga umgengni við líf og umhverfi,

c. þjálfun í íslensku í öllu námi,

d. leikræna og listræna tjáningu,

e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga
rökréttar ályktanir,

f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frum-
kvöðlanám,

g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,

h. leik barna sem náms- og þroskaleið,

i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara
nám og starf,

j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,

k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,

l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

□ Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

□ Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

□ Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhuga-sviðum hvers og eins.

¹⁾ Augl. 760/2011. Augl. 364/2013. Augl. 838/2015. Augl. 894/2016.

■ 25. gr. Markmið náms.

□ Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Í aðalnámskrá skal skilgreina þekkingar- og hæfnipætti á hverju námssviði. Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Í aðalnámskrá skal setja árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Einnig skal setja viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum. Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir samstarfi grunnskóla við leikskóla og framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að aðlögun og flutningi milli skólastiga.

□ Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

■ 26. gr. Val í námi.

□ Frá upphafi grunnskóla skulu nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Hluti náms getur einnig verið fjarnám og netnám.

□ [Á unglingsstigi, þ.e. í 8.–10. bekk, skulu nemendur velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í aðalnámskrá grunnskóla. Skólum er heimilt að skipuleggja mismunandi hlutfall valtíma eftir árgöngum í 8.–10. bekk og binda valið að hluta tilteknum námssviðum.]¹⁾

□ Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

□ Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni.²⁾ Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Ákvörðun skólastjóra samkvæmt þessari málsgrein lýtur ákvæðum stjórnisýslulaga.

□ Heimilt er að kæra synjun um mat á námi eða beitingu heimildar samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur [ráðuneytið]³⁾ lagt fyrir skólastjóra grunnskóla að veita nemanda heimild til náms á framhaldsskólastigi skv. 4. mgr.

¹⁾ L. 91/2011, 5. gr. ²⁾ Sjá einnig l. 91/2011, brbákv. ³⁾ L. 126/2011, 492. gr.

■ 27. gr. Námsmat.

□ Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla.

□ Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Þó er heimilt að veita þessar upplýsingar vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og [vinnslu]¹⁾ persónuupplýsinga.

□ Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófurlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans. Slík endurskoðun telst ekki ígildi stjórnisýslukæru í skilningi stjórnisýslulaga.

□ Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð²⁾ um meðferð niðurstöðu námsmats í grunnskólum og miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og um rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar.

¹⁾ L. 90/2018, 54. gr. ²⁾ Rg. 897/2009, sbr. 657/2011.

■ 28. gr. Starfstími.

□ Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

□ Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.200 mínútur í 1.–4. bekk,
- 1.400 mínútur í 5.–7. bekk,
- 1.480 mínútur í 8.–10. bekk.

□ Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð, [svo og nánari útfærslu á samþættingu skóla og frístundastarfs ef um slíkt er að ræða].¹⁾ Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

□ Heimilt er að víkja frá vikulegum lágmarkskennslutíma skv. 2. mgr. tímabundið, en nemendum skal þá tryggð viðbótarkennsla sem nemur frávikinu innan sama skólaárs.

□ [Sveitarstjórnnum er heimilt að samræma tiltekna leyfis-
daga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að
höfðu samráði við hagsmunaaðila.]²⁾

¹⁾ L. 76/2016, 3. gr. ²⁾ L. 91/2011, 6. gr.

■ **29. gr. Skólanámskrá og starfsáætlun.**

□ Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfs-
áætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja
þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla
á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og
námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs.
Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæð-
um og skal endurskoða reglulega.

□ Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali,
þ.m.t. lengd júlaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa,
starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi
og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfs-
áætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfest-
ingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún
hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá,
kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomu-
lag skólalags.

□ Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og
einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera
skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi stað-
ist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar
öllum aðilum skólasamfélagsins.

■ **30. gr. [Skólabragur.]**

□ Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af
mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda
og jákvæðum skólabrag.

□ Skólastjórn og kennurum ber að eiga samráð við foreldra
um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum
ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skóla-
göngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í
viðkomandi skóla.

□ Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig
fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi
eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um
framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlög-
um, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað
ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt
með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal
m.a. kveðið á um almenna umgengi, samskipti, stundvísi,
ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólaregl-
um koma fram hvernig skólinn hyggt bregðast við brotum á
þeim.

□ Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og
skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð¹⁾ sem sett er sam-
eiginlega á grundvelli þessarar greinar og 14. gr. Þar skal m.a.
mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er
verði ráðgefandi í eineltismálum.]²⁾

¹⁾ Rg. 1040/2011, sbr. 975/2018. ²⁾ L. 91/2011, 7. gr.

■ **31. gr. Kostnaður í skyldunámi.**

□ Kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skal veitt
nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nem-
endur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu,
námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að
nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og að-
alnámskrá. Sama á við um nám grunnskólanemenda í fram-
haldsskólaáföngum, enda sé námið skilgreint sem hluti náms
í grunnskóla. Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja

nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og
pappír.

□ Nú stundar grunnskólanemandi nám í framhaldsskóla sem
skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, og fer þá um kostnað
vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga
um framhaldsskóla. Sveitarfélög greiða þá kostnað vegna
námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Um
nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutað-
eigandi grunn- og framhaldsskóla.

□ [Ráðuneyti er skylt að leggja grunnskólum til námsgögn í
samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskóla-
stigi samkvæmt aðalnámskrá. Ráðherra er heimilt að fela
Menntamálastofnun að annast þá skyldu.]¹⁾

□ Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga
sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af
skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppi-
hald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

□ Ákvarðanir um gjaldtöku samkvæmt þessari grein eru
kæranlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

¹⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ **32. gr. Lok grunnskóla.**

□ Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti
að hann hafi lokið námi samkvæmt lögum þessum. Í skír-
teini skal skrá vitnisburð nemanda á lokaári í grunnskóla í
því námi er hann lagði stund á.

□ Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskóla-
námi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er
að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldu-
námi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla
í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá
grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar grein-
ar. Ákvörðun skólastjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórn-
sýslulaga. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunn-
skóla samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr.

■ **33. gr. [Tómstunda- og félagsstarf.]¹⁾**

□ Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að
taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félags-
starf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs
skólatíma. . . .¹⁾

□ Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir [tómstunda-
og félagsstarf]¹⁾ samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja.
Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæranleg-
ar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

¹⁾ L. 76/2016, 4. gr.

■ **[33. gr. a. Frístundaheimili.]**

□ Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn
kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frí-
stundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik
og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag
þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska
og áhuga hvers og eins.

□ Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila,
ákvæða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með sam-
þættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðar-
ljósi.

□ Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og
reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð
barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningar-
bann á grundvelli sakavottorðs.

□ Ráðuneytið gefur út,¹⁾ að höfðu samráði við Samband ís-
lenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t.

um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfs-hætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

□ Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

□ Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæránlegar samkvæmt fyrimælum 47. gr.²⁾

¹⁾ Augl. 291/2018. ²⁾ L. 76/2016, 5. gr.

■ 34. gr. Sprotasjóður skóla.

□ Sprotasjóður skal styðja við þróun og nýjungar í skóla-starfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru á fjárlögum hverju sinni. [Ráðuneyti]¹⁾ hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð²⁾ um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

□ Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

¹⁾ L. 91/2011, 1. gr. ²⁾ Rg. 242/2009.

VIII. kafli. Mat og eftirlit með gæðum grunnskóla-starfs.

■ 35. gr. Markmið.

□ Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,

b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,

c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

■ 36. gr. Innra mat.

□ Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

□ Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

■ 37. gr. Ytra mat sveitarfélaga.

□ [Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skóla-starfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að taka við upplýsingum samkvæmt þessari grein.]¹⁾

□ Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

¹⁾ L. 91/2015, 10. gr.

■ 38. gr. Ytra mat [ráðuneytisins].¹⁾

□ [Ráðuneyti eða Menntamálastofnun í umboði þess annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast verkefni samkvæmt þessari grein.]²⁾

□ [Ráðuneyti]³⁾ gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skóla-starfs. [Ráðuneyti]³⁾ skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknunum.

□ Ráðherra setur reglugerð⁴⁾ um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

¹⁾ L. 126/2011, 492. gr. ²⁾ L. 91/2015, 10. gr. ³⁾ L. 91/2011, 1. gr. ⁴⁾ Rg. 658/2009, sbr. 973/2018.

■ 39. gr. Samræmt námsmat.

□ [Ráðuneyti]¹⁾ stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats.

□ [Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skulu lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Nemendur á unglíngastigi, þ.e. í 8.–10. bekk, skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Önnur próf skal halda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

□ Skólastjóra er heimilt ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum greinum.

□ Menntamálastofnun eða annar til þess bær aðili, sem ráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd samræmds námsmats og prófa samkvæmt grein þessari. Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, prófa og rannsókna í grunnskólum og undanþágur nemenda frá samræmdu námsmati samkvæmt þessari grein.]³⁾

¹⁾ L. 91/2011, 1. gr. ²⁾ Rg. 173/2017, sbr. 315/2018 og 990/2018. ³⁾ L. 91/2015, 10. gr.

IX. kafli. [Skólaþjónusta]¹⁾ og stoðkerfi grunnskóla.

¹⁾ L. 76/2016, 1. gr.

■ 40. gr. Skipulag og framkvæmd [skólaþjónustu].¹⁾

□ Sveitarfélög skulu tryggja að [skólaþjónusta]¹⁾ sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í [skólaþjónustu]¹⁾ felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

□ Í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

□ Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu samkvæmt þessari grein, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. [Skólaþjónusta]¹⁾ sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.

□ [Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að [skólaþjónustu],¹⁾ námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málafna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja um tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum í reglugerð um nemendaverndarráð til ráðuneytis. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að veita undanþágur samkvæmt þessari grein.]²⁾

□ Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi [skólaþjónustu],¹⁾ félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi [skólaþjónustu]¹⁾ við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.

□ Við framkvæmd [skólaþjónustu]¹⁾ skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samféllu í skólastarfi að leiðarljósi.

□ Ráðherra setur reglugerð³⁾ um [skólaþjónustu]¹⁾ og starfsemi nemendaverndarráða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

□ Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

¹⁾ L. 76/2016, 1. gr. ²⁾ L. 91/2015, 10. gr. ³⁾ Rg. 584/2010, sbr. 986/2010.

■ 41. gr. Skólaheilsugæsla.

□ Um skólaheilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra.

□ Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti skólaheilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr.

□ Sveitarfélög greiða stofnkostnað húsnæðis í skólum sem ætlað er fyrir skólaheilsugæslu og annast rekstur þess. Laun starfsmanna við skólaheilsugæslu og sérgreindur kostnaður við þessa starfsemi greiðist sem annar kostnaður við rekstur almennrar heilsugæslu á heilsugæslustöð og fer um ráðningu starfsmanna með sama hætti.

■ 42. gr. Sérúrræði.

□ Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

X. kafli. [Sjálfstætt reknir grunnskólar.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ 43. gr. [Sjálfstætt reknir grunnskólar.]

□ Sjálfstætt reknir grunnskólar starfa samkvæmt lögum þessum en eru reknir af einkaaðila, almennt á grundvelli þjónustusamnings við viðkomandi sveitarfélag.

□ Innritun í sjálfstætt rekin grunnskóla er háð frjálsu vali foreldra, fyrir hönd barna sinna, nema annað leiði af þjónustusamningi. Ef innritun í sjálfstætt rekin grunnskóla er ekki háð frjálsu vali skal til viðbótar öðrum kröfum fullnægja skilyrðum 43. gr. e.)¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ [43. gr. a. Þjónustusamningur.]

□ Sveitarfélag sem skóli starfar í skal gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

□ Ráðuneytið skal staðfesta þjónustusamning þegar fyrir liggur að öllum lögbundnum skilyrðum er fullnægt. Ekki má hefja skólastarf fyrr en sú staðfesting liggur fyrir. Ráðherra

er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast staðfestingu þjónustusamnings.

□ Sveitarfélag getur hafnað því að gera þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlög til skólans kunna að hafa neikvæð áhrif á skólastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess. Hafni sveitarfélag því að gera þjónustusamning fer um leyfi til starfsemi skólans eftir 46. gr.

□ Í þjónustusamningi skal að minnsta kosti fjalla um eftirtalin atriði:

1. Skólanámskrá sem er í samræmi við aðalnámskrá.
2. Mat og eftirlit með gæðum, sbr. 37. gr.
3. Fjárhagsleg samskipti aðila, svo sem dreifingu fjárframlaga og þau fjármál sem tengjast nemendum með sérþarfir.
4. Þjónustu við nemendur í samræmi við metnar sérþarfir.
5. Gildi samnings, svo sem reynslutíma og uppsagnarfresti. Um hámarks tíma samninga gilda ekki ákvæði 100. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. Hámarksfjöldi nemenda við skólann, en hann skal m.a. ákvarðaður að teknu tilliti til húsnæðis, starfsaðstæðna nemenda og starfsmanna, möguleika á að skipuleggja eftirlit með skólanum og fjárhagslegs rekstraröryggis.

7. Hámarksfjöldi nemenda við skólann sem sveitarfélagi ber að greiða kostnað af, sbr. 43. gr. b, en hann skal m.a. ákvarðaður með hliðsjón af fjárveitingum sem sveitarfélag ákveður.

8. Innritun nemenda og gjaldtöku af nemendum. Sveitarfélag getur sett skilyrði um hámark gjaldtöku með hliðsjón af fjárframlögum þess til skólans.

9. Fyrirkomulag skólaaksturs, ef við á.

10. Slit á þjónustusamningi og vanefndaúræði vegna brota á samningsskyldum.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ [43. gr. b. Fjárframlög úr sveitarsjóði.]

□ Sjálfstætt rekin grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning skv. 43. gr. a á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

□ Útreikningur Hagstofu Íslands skal liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum.

□ Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

□ Sveitarfélögum er heimilt að greiða sérstakt stofnframlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla. Slík framlög verða eingöngu nýtt í þágu skólastarfsins.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ [43. gr. c. Almennar kröfur til einkaaðila sem reka grunnskóla.]

□ Einkaaðili sem rekur grunnskóla skal:

1. Vera lögaðili og starfa í formi sjálfseignarstofnunar, hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Yfir lögaðilanum skal vera stjórn sem er ábyrg fyrir rekstri

skólans gagnvart viðkomandi sveitarfélagi og öðrum yfirvöldum. Um fjárhagslegar ábyrgðir stjórnarmanna fer eftir almennum reglum.

2. Setja samþykktir um starfsemi sína sem birta skal opinberlega á vefsíðu skólans. Um samþykktirnar gilda almennar reglur en þar skal þó að minnsta kosti kveða á um helstu þætti í innra stjórnkerfi, um faglegt sjálfstæði skólustarfsins og um helstu þætti í verkaskiptingu stjórnar annars vegar og faglegra starfsmanna grunnskóla hins vegar.

3. Tilgreina í samþykktum sínum að tilgangur hans sé rekstur grunnskóla. Tilgangurinn getur jafnframt falist í rekstri annarra viðurkenndra menntastofnana og tengdum verkefnum. Hið síðastnefnda má ekki vera verulegur þáttur í starfsemi.

4. Tilgreina í samþykktum sínum að fjárframlög opinberra aðila verði einvörðungu nýtt í þágu skólustarfsins. Við slit á starfsemi lögaðilans gilda þó almennar reglur.

□ Ákvæði stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi og ákvæði um þagnarskyldu taka til stjórnarmanna.¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ **[43. gr. d. Almennar kröfur til skólahlalds í sjálfstætt reknunum grunnskóla.**

□ Um rekstur og skólahlald sjálfstætt rekens grunnskóla gildir eftirfarandi:

1. Starfsemi grunnskólans, þ.m.t. skipulag og kennsluhættir, skal vera í fullu samræmi við ákvæði laga þessara, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í samræmi við aðalnámskrá, nema undantekning sé gerð með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum.

2. Stjórn rekstraraðila gegnir þeim hlutverkum sem sveitarstjórn eru falin skv. 7. og 21. gr.

3. Undanþága skv. 15. gr. skal tilkynnt skólanefnd sveitarfélags.

4. Foreldrar taka sjálfir ákvörðun um innritun barns í skólann nema ákvæði 43. gr. e eigi við.

5. Skólustjóri annast innritun nemenda nema í þjónustusamningi sé ákveðið að sveitarfélagið annist innritun.

6. Gjald má taka fyrir skólavist óháð öðrum fyrirmælum laga þessara um kostnað nemenda í skyldunámi.

7. Stjórn lögaðila skal setja almennar reglur um ákvarðanir skv. 5. og 6. tölul. og birta þær opinberlega á vefsíðu skólans.

8. Meðferð og varðveisla gagna og upplýsinga sem lúta að skólustarfi sjálfstætt rekinnna grunnskóla lúta sömu almennu lögum og við eiga um almenna grunnskóla sveitarfélaga, þ.m.t. gilda ákvæði stjórnarsýslulaga, upplýsingalaga og laga um opinber skjallasöfn.

9. Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla gilda um grunnskóla sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum þessum.¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ **[43. gr. e. Sjálfstætt reknir grunnskólar sem ekki eru valfrjálsir.**

□ Ef foreldrar eiga ekki frjálst val um það hvort þeir innrita börn sín í sjálfstætt rekinn grunnskóla vegna skipulags á grunnskólahlaldi í sveitarfélagi ber sveitarfélagi að tryggja að nemendur í sjálfstætt reknunum skóla njóti að öllu leyti sömu réttinda, sömu þjónustu og sambærilegrar stöðu og þegar sveitarfélag rekur skólann. Í þessu felst eftir atvikum eftirfarandi:

1. Skylda til að kveða í þjónustusamningi á um viðeigandi fjárveitingar umfram það sem leiðir af 43. gr. b, m.a. til að tryggja gjaldfrjálsa skólavist og skólaþjónustu að því leyti sem sveitarfélagið kys ekki að sinna slíkri þjónustu sjálf.

2. Skylda til að tryggja í þjónustusamningi rétt sveitarfélags til að taka yfir nauðsynlega þætti í starfsemi rekstraraðilans, svo sem samninga við starfsfólk eða samninga um húsnæði eða gögn, málaskrár og annað sem tengist kennslu og telst hluti skólahlaldsins, enda þurfi rekstraraðili að leggja niður eða hætta rekstri eða sveitarfélaginu hafi gefist réttmæt ástæða til að slíta samningi við hann.

3. Skylda til að tryggja rétt sveitarfélags í samræmi við 2. tölul. þegar rekstraraðili gerir aðra samninga, svo sem við kröfuhafa, leigusala og starfsmenn.

□ Á sjálfstætt reknunum grunnskóla hvílir jafnframt að tryggja nemendum skólans og foreldrum þeirra sömu stöðu og nemendum í grunnskóla sveitarfélagsins hefðu notið, þ.m.t. skylda til að hafa samstarf við önnur stjórnvöld. Skólanum ber um leið réttur til fjárframlaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr., og getur sótt hann fyrir dómstólum eftir almennum reglum.

□ Sveitarstjórn skal kynna íbúum sveitarfélagsins áætlun um samninga eða skipulag skólahlalds skv. 1. mgr. í samræmi við 1. mgr. 5. gr. og fyrirmæli sveitarstjórnarlaga um samráð við íbúa.¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 6. gr.

■ **[43. gr. f. Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ um framkvæmd 43. gr., 43. gr. a – 43. gr. e og 46. gr. í samræði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir gerð þjónustusamnings, um form og efni þjónustusamnings, upplýsingar sem sveitarfélag skal afla sér um rekstraraðila þegar það gerir samning, skilyrði fyrir staðfestingu á þjónustusamningi, meðferð fjárframlaga til rekstraraðila skóla, upplýsingagjöf til sveitarfélaga og ráðuneytis, eftirlit með starfsemi, sérstakar skyldur sveitarfélaga og einkarekinna grunnskóla þegar nemendur eiga ekki val um innritun í sjálfstætt rekinn skóla, heimild um undanþágu frá ákvæðum laga og aðalnámskrár ef skólinn starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, afturköllun staðfestingar ráðherra á þjónustusamningi og slit sveitarfélaga á þjónustusamningi vegna vanefnda á ákvæðum hans.²⁾

¹⁾ Rg. 1270/2016, sbr. 838/2017. Rg. 1150/2018. ²⁾ L. 76/2016, 6. gr.

XI. kafli. [Þróunarskólar, samrekstur, heimakennsla, úrlausn ágreiningsmála o.fl.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 10. gr.

■ **44. gr.¹⁾ Þróunarskólar.**

□ Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknunum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólustarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

□ Heimilt er að styrkja þróunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

¹⁾ Greinin var fædd í XI. kafla skv. 1. 76/2016, 6. gr.

■ **45. gr.¹⁾ Samrekstur.**

□ [Sveitarfélögum er heimilt að hafa með sér samvinnu um rekstur grunnskóla. Um hana fer eftir sveitarstjórnarlögum. Samningur um samvinnu skal staðfestur af ráðherra að feng-

inni umsögn ráðherra sveitarstjórnarmála. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun staðfestingu slíkra samninga.

□ Í samningi um stofnun byggðasamlags skal sérstaklega kveðið á um hvernig fari með hlutverk skólanefndar. Stjórn byggðasamlagsins fer með það hlutverk komi ekki annað fram. Þá skal þar kveða á um heimild til samninga við einkaaðila um grunnskólahlald eftir ákvæðum laga þessara.

□ Í samningi um að eitt sveitarfélag taki að sér rekstur grunnskóla fyrir annað sveitarfélag skal taka mið af 5. gr. Sæki umtalsverður hluti barna úr sveitarfélagi skóla í öðru sveitarfélagi á þeim grundvelli er viðkomandi sveitarfélögum heimilt að kveða svo á um í samþykktum um stjórn sveitarfélaganna að í skólanefnd viðtökusveitarfélags eigi sæti, með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúi sem kjörinn er af sveitarstjórn lögheimilissveitarfélags umræddra barna. Þá skal í samningi kveða á um heimild til samninga við einkaaðila um grunnskólahlaldið eftir ákvæðum laga þessara.

□ Sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð og foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr. Hinn samreki skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastigi.²⁾

¹⁾ Greinin var færð í XI. kafla skv. 1. 76/2016, 6. gr. ²⁾ L. 76/2016, 7. gr.

■ 46. gr.¹⁾ Undanþágur.

□ Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. [Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að veita viðurkenningar.]²⁾

□ Foreldrar, sem óska eftir undanþágu frá 3. gr. til að geta kennt börnum sínum heima, að hluta eða öllu leyti, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags. Skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og [skólalæknisráðgjafi].³⁾ Börn sem hljóta heimakennslu eru undanþegin skólaskyldu skv. 3. gr., en skulu lúta eftirliti og reglulegu mati og þreyta könnunarpróf samkvæmt lögum þessum. [Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að taka við tilkynningum samkvæmt grein þessari.]²⁾

□ Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 2. mgr. er kæránleg eftir fyrir mælum 47. gr. [Ráðuneyti]⁴⁾ getur í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að veita foreldrum barns heimild skv. 2. mgr.

□ [Hafi sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning við sjálfstætt rekin grunnskóla getur ráðherra þrátt fyrir það veitt honum heimild til starfa samkvæmt lögum þessum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags. Í heimild ráðherra felst ekki réttur skólans til opinbers fjár. Um skólann gilda reglur laga þessara að undanskildum ákvæðum 43. gr. a, 43. gr. b og 43. gr. e. Ráðherra skal setja starfsemi skólans skilyrði í samræmi við ákvæði 43. gr. a og hafa eftirlit með starfsemi hans.]⁵⁾

□ [Ráðherra setur reglugerð⁶⁾ um skilyrði til heimakennslu á grunnskólastigi og viðurkenningu grunnskóla samkvæmt þessari grein.]⁷⁾ Sveitarfélög skulu tilkynna ráðuneytinu um veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

¹⁾ Greinin var færð í XI. kafla skv. 1. 76/2016, 6. gr. ²⁾ L. 91/2015, 10. gr. ³⁾ L. 76/2016, 1. gr. ⁴⁾ L. 91/2011, 1. gr. ⁵⁾ L. 76/2016, 8. gr. ⁶⁾ Rg. 531/2009, sbr. 971/2018. Rg. 699/2012, sbr. 1270/2016 og 1149/2018. ⁷⁾ L. 91/2011, 10. gr.

■ 47. gr. Kæruheimild.

□ [Ákvarðanir um réttindi og skyldur nemenda sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæránlegar til ráðherra. Kæruheimildin nær einnig til sambærilegra ákvarðana um réttindi og skyldur nemenda á vegum sjálfstætt rekinna skóla. □ Ákvarðanir um námsmat sæta ekki kæru.]¹⁾

¹⁾ L. 76/2016, 9. gr.

XII. kafli. Gildistaka.

■ 48. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ I.

□ Grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 22. gr. laga nr. 98/2006, eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði samkvæmt lögum þessum án sérstakrar viðurkenningar ráðherra. Sveitarfélagi er þó heimilt að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

□ Eignarhlutur ríkisins í skólahúsnæði grunnskóla, sem var í eigu ríkisins í heild eða hluta, skal afskrifaður í 15 jöfnum áföngum á árunum 1996–2010 og eignfærður hjá þeim sveitarfélögum sem bera ábyrgð á rekstri skóla og annast viðhald skólahúsnæðis. Sé húsnæði, sem áður var nýtt í tengslum við skólastarf, ekki lengur nýtt í slíku skyni skal eignarhlutur ríkisins vera óskertur.

■ II.

□ Sveitarfélög skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Sjóðurinn ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ríkið veitir til símenntunar kennara og skólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar fimm menn í stjórn sjóðsins, tvo tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og þrjá af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ákveða að framlög vegna námsleyfa kennara og skólastjórna renni í sérstakan sjóð sem sveitarfélög og viðsejendur þeirra hafa samið um í kjarasamningum. Jafnframt má ákveða að fjármunum sem ákveðnir eru í fjárlögum til símenntunar kennara og skólastjóra verði ráðstafað með sama hætti.

□ Nú hafa sveitarfélög og viðsejendur þeirra komið á fót sjóði, sbr. 2. mgr., og skal ráðherra þá birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um að hann komi í stað sjóðs skv. 1. mgr.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. skal framlag samkvæmt þeirri málsgrein, á árinu 2015, 44,6 millj. kr., greitt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga. Framlagið skal innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar 2015.]¹⁾

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. skal framlag samkvæmt þeirri málsgrein, á fjárlagaárunum 2016, 2017 og 2018, greitt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga. Í samræmi við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 13. apríl 2016 verður framlagið innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar.]²⁾

¹⁾ L. 72/2015, 3. gr. ²⁾ L. 78/2016, 3. gr.

■ III.

□ Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 66/1995, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.¹⁾

¹⁾ Sjá nú rgl. 220/1999.

■ IV.

□ Skólanefndir sem kosnar hafa verið samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, halda umboði sínu.

■ V. . . .¹⁾

¹⁾ L. 34/2009, 1. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA